

Nd.

269. Nefndarállt

um frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915 (þskj. 221).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Fyrir nefndinni liggja tvö frv. til laga um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis, þskj. 47 og 221. Hefir nefndin orðið sammála um frv. á þskj. 221, en hinsvegar klofnað um frv. á þskj. 47 (utanríkismálanefnd). Meiri hluti nefndarinnar vill einnig samþykkja það, með þeirri breytingu, að til nefndarinnar sje hægt að vísa málum, ekki einungis frá sameinuðu þingi, heldur einnig frá báðum deildum. Minni hluti nefndarinnar getur ekki fallist á þetta fyrirkomulag, og er annar nefndarmaðurinn (H. K.) að minsta kosti algerlega andvígur utanríkismálanefnd yfirleitt.

Meiri hluti nefndarinnar álitur rjett að sameina bæði frumvörpin á þskj. 47 og 221, og leggur því til, að síðarnefnt frumvarp verði samþykkt með svofeldri

BREYTINGU:

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr.
2. Á eftir frumvarpsgreininni komi 2 nýjar greinar og ákvæði um stundarsakir, er orðist svo:
 - a. (2. gr.) Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er verður 17. gr., svo hljóðandi:

Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanríkismálum og þeim öðrum málum, sem sameinæð þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávalt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.
 - b. (3. gr.) Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.
 - c. Ákvæði um stundarsakir:

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi
öðlast gildi.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Gunnar Sigurðsson,
form.

Hjediinn Valdimarsson,
frsm. og fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson,
með fyrirvara.